



MANNRETTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. október 2018.

**Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um um breytingu á lögum nr. 83/1994, um umboðsmann barna (hlutverk umboðsmanns barna, ráðgjafarhópur barna og barnaþing), þskj. nr. 156- 156. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 83/1994, um umboðsmann barna.

MRSÍ styður frumvarpið heils hugar enda mikilvægt að veita börnum meira áhrifavald á málefni er þau snerta og taka þátt í mótun samfélagsins. Þá er og mikilvægt að skýrt sé kveðið á um eftirlitsskyldu umboðsmanns barna með innleiðingu Samning Sp um réttindi barnsins, túlkun hans og þróun. Breytingar á 1. gr. laganna eru og mikilvægar, þ.e. vísan í Samning Sp um réttindi barnsins og aðra alþjóðasamninga er börn varða.

MRSÍ hefur þá trú að nái þær breytingar, sem lagt er til með frumvarpi þessu að gerðar verði á lögum um umboðsmann barna, verði til þess að efla embættið í því hlutverki að standa vörð um mannréttindi og hagsmuni barna.

MRSÍ hvetur til lögleiðingar frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

---

Margrét Steinarsdóttir  
framkvæmdastjóri